

Námsvísir fyrir miðstig

skólaárið 2024 – 2025

Námsvísir – Miðstig

Umsjónarkennarar eru:

Sigurður Tómasson

Sóley Bára Bergsteinsdóttir

Aðrir kennarar sem kenna eru:

Helena Bergström – list og verkgreinar - náttúrufræði

Sólrún Sigurþórsdóttir – Íþróttir

Katrín Rós Sigvaldadóttir – lífsleikni og danska

Sigurður Þ. Sigurþórsson - sundkennsla

Sigríður Sjöfn Helgadóttir - sérgreinar

Erna Rafnsdóttir - list og verkgreinar

Hildur Jónsdóttir - tónmennt

Stuðningsfulltrúar eru:

Anna Guðrún

Anna Rún

Hjördís

Sigríður V.

Sólrún

Námstilhögun:

Nemendur á miðstigi eru tveir námshópar (18 nemendur í 5.bekk og 14 nemendur í 6.-og 7.bekk) með tvo umsjónarkennara. Stuðningsfulltrúi og sérkennari koma einnig að kennslu og stuðningi við nokkra nemendur.

Áhersla er lögð á að auka sjálfstæði og ábyrg vinnubrögð nemenda, að nemendur fái aukið námsval og að þeir aðstoði hvern annan þegar við á. Nemendur hafa aðgang að spjaldtölvu og geta leitað sér upplýsinga um það sem þeir eru að fást við hverju sinni.

Fréttir úr skólastarfinu eru sendar heim eins oft og þurfa þykir. Mikilvægt að allir foreldrar séu með virkt netfang inn á Mentor. Áriðandi skilaboð og aðrar upplýsingar verða einnig sendar heim í tölvupósti.

Dagsskipulag:

Kennsla hefst klukkan 8:10, oftast með yndislestri í 15 mínútur og ýmsum viðfangsefnum eftir það.

Morgunmatur er 9:00 til 9:10. Útinám klukkan 10:30 til 10:50 með ávaxtastund í upphafi. Hádegishlé er 12:10 til 12:30 og þá útinám 12:30 – 12:50. Skóla lýkur klukkan 13:30, heimkeyrsla er í síðasta lagi 13:40.

Áherslur og námsmenning:

Uppbygging til ábyrgðar, grænfánaskóli með áherslu á umhverfismennt, teymiskennsla (samvinna), einstaklingsmiðað nám, námsaðlögun, fjölbreyttar kennsluaðferðir, leiðsagnarmat, foreldrasamstarf.

Einstaklingsmiðað nám

Stuðst er við einstaklingsmiðað nám í Heiðarskóla. Þar fá nemendur nám við hæfi hvers og eins þar sem nálgunin er fjölbreytt. Nemendur vinna á sínum námshraða og þar af leiðandi eru nemendur ekki á sama stað í námsefninu. Nemendur vinna einstaklingslega eða í hópum. Hóparnir byggjast ýmist á samvinnu eða eru getuskiptir. Töluverð áhersla er lögð á stöðvavinnu eða hringekjur og rík áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Í stöðvavinnu gefst nemendum kostur á skapandi vinnu þar sem að nemandinn fær tækifæri til þess að láta sköpunargleðina ráða ríkjum. Hópaþvinna er notuð í því skyni að þjálfar nemendur í samskiptum, tillitssemi og í að virða skoðanir annarra. Nemendur fá þjálfun í framsögn og að segja frá verkefnum sínum. Auk þess fá nemendur þjálfun í meðferð heimilda, t.d. að sækja sér heimildir á internetið, færni í ritvinnslu og aukningu í skriftarhraða.

Stærðfræði og íslenska er kennd í einum námshóp sem stundum er skipt í minni hópa eftir bekkjum. Reynt verður að aðlaga námsefni sem best að þörfum hvers og eins og koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Aðrar námsgreinar eins og enska, samfélagsfræði, náttúrufræði, trúarbragðafræði og lífsleikni eru kenndar á margvíslegan hátt inn í bekk.

Heimanám:

Lítið er um skipulagt heimanám á miðstigi en viðmið um heimalestur er fimm skipti á viku. Nemendur taka námsefni með sér heim öðru hverju til að vinna upp í áætlunum.

Námsmat:

Reglubundið námsmat og einstaklingsbundin skráning á námsframvindu er mjög mikilvæg. Námsmat í Heiðarskóla fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfs. Þær matsaðferðir sem beitt er endurspegla áherslur í kennslu og meta alla þætti námsins, framfarir, þekkingu, skilning og leikni. Símat, jafningjamat, kannanir, próf og sjálfsmat eru dæmi um matsaðferðir. Við annaskil er tekið saman það sem metið hefur verið yfir önnina og það nýtt til að gefa foreldrum innsýn í stöðu og vinnu nemandans.

Námshólar

Íslenska

Nemendum er að jafnaði kennt í einum námshóp en skipt í minni hópa eftir því sem við á. Íslenska er samþætt við allar aðrar greinar þar sem sífellt er lögð áhersla á ritun, stafsetningu, munnlega tjáningu og framsögn, orðaforða og málnotkun. Í stafsetningu verður áhersla á réttitun og einfaldar stafsetningarreglur með stuðningi námsbóka. Unnið verður með málfræði í gegnum námsbækur og texta úr ýmsum áttum. Vinnan fer þannig fram að textinn er lesinn sameiginlega. Hann er síðar notaður til meiri vinnu með ritun, málfræði, lesskilning, framsögn, orðaforða o.fl. Auk þessa er lögð áhersla á það að nemendur velji sér bækur á skólabókasafni eftir áhugasviði og lesi sem mest sér til yndisauka, bæði í skólanum og heima.

Hæfniviðmið:

Stefnt er að því að við lok 7. bekkjar geti nemandi:

Talað mál, hlustun og áhorf

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.
- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.
- hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
- Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.
- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

Námsefni/námsleiðir: Nemendur tjá sig á vikulegum bekkjarfundum. Nemendur kynna verkefni sín fyrir námshópnum, þeir koma fram á skólaskemmtunum og fá fleiri tækifæri til að standa fyrir framan námshóp og kennara og flytja munnlegt efni. Í 7. bekk er sérstök áhersla lögð á vandaðan upplestur og framkomu í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina.

Námsmat: Frammistaða nemenda við flutning er metin jafnóðum. Virkni og þátttaka nemenda í bekkjarfundum er metin.

Lestur og bókmenntir

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.
- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.
- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, söguviði og boðskap.
- Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.
- Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.
- Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær, valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.

Námsefni/námsleiðir: Nemendur lesa upphátt heima daglega. Í skólanum lesa þau í hljóði á hverjum morgni í yndislestri og a.m.k. einu sinni í viku upphátt fyrir kennara. Að auki er lesinn texti í námsbókum og á neti. Nemendur lesa fyrirumáli í námsefninu sér til skilnings. Nemendur lesi í hljóði sér til gagns og gamans heima og í skóla.

Námsmat: Lesfímipróf og lesskilningspróf. Heimalestur er einnig metinn.

Ritun

- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.
- Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirumáli, á þann hátt sem hæfir tilefni.
- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.
- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.
- Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.
- Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda, skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.

Námsefni/námsleiðir: Nemendur skrifa stutta texta um valin efni. Áhersla lögð á skipulega uppbyggingu textans, upphaf miðju og endi. Einnig farið í það hvernig mismunandi stíll hentar mismunandi efni.

Námsmat: Textar nemenda skoðaðir og metnir. Farið yfir einstaka texta með nemendum, maður á mann.

Málfræði

- Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.
- Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.
- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.
- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.
- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.
- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað, nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta.
- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.

Námsefni/námsleiðir: Stuðst við vinnubækur og lesbækur þar sem farið er yfir helstu atriði málfræðinnar, má þar nefna Orðspor 1,2 og 3 - lesbók og vinnubók.

Námsmat: Próf í lok vor- og haustannar.

Stærðfræði

Í stærðfræði er unnið samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár fyrir 5.-7. bekk. Þar verður lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og t.d. innlagnir, hringekjur, umræður, leiki, sjálfsnám, samvinnu og endurtekningu. Stærðfræði er hverjum manni nauðsynleg til að takast á við daglegt líf og störf og skilja umheim sinn. Einnig er stærðfræðin ómetanlegur grundvöllur undir allt nám tengt náttúruvísindum, raunvísindum og fjármálum í síbreytilegu tæknivæddu umhverfi.

Hæfniviðmið:

Stefnt er að því að við lok 7. bekkjar geti nemandi:

- Spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta.
- Leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.
- Sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.
- Sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum.
- Notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli tákn máls og daglegs máls.
- Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.
- Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum.
- Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni.
- Lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.
- Undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.
- Þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.
- Áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum.
- Notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.
- Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.
- Reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum,
- tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.
- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.

- Rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar.
- Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum.
- Fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði.
- Notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði.
- Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.
- Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það.
- Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.
- Rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölvur og hlutbundin gögn.
- Notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni.
- Tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti.
- Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.
- Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.
- Sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.
- Dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur.
- Reiknað út líkur í einföldum tilvikum.

Námsefni: Stika 1 a og b, Stika 2a og b, Stika 3 a og b. Ítarefni frá kennara, ýmsar þrautalausnir, Verkefni fyrir vasareikni og gagnvirkar æfingar.

Námsmat: Verklag nemenda, frumkvæði, sjálfstæði og afköst verða metin í símati yfir veturinn. Nemendur ljúka könnun við lok hvers kafla. Einnig er miðsvetrarpróf og vorpróf.

Náttúrufræði

Námsmarkmið, 5 bekkur:

Að nemandi læri um:

- Flóra og fána
- Líkamann

- Tækni og nýsköpun
- Veðrið, loftlagsbreytingar
- Mela og móa

Námsefni:

Náttúrulega 1 + verkefnabók, myndbönd, veraldarvefurinn. Allskonar bækur.

Námsmat:

Verklag nemenda, frumkvæði, sjálfstæði og afköst verða metin í símati yfir veturinn. Ákveðin verkefni verða einnig metin. Nemendur taka kannanir og próf yfir veturinn. Kannanirnar byggja þá á þeim þáttum sem unnið hefur verið með.

Námsmarkmið 6.-7. bekkur

Að nemandi læri um:

- Lífsferill plöntur, sveppir og flettur
- Líkaminn; Taugakerfið. Meltingu. Lykt og bragð. Heilbrigði, hormón og hreinsikerfi. Hljóð, bylgjur og eyru.
- Heimur vísindanna
- Geimurinn; sólkerfið og sólin. Tunglið. Flóð og fjara
- Sjór, vatn og frumefni.

Námsefni:

Náttúrulega 2 + verkefnabók, myndbönd, veraldarvefurinn. Allskonar bækur.

Námsmat:

Verklag nemenda, frumkvæði, sjálfstæði og afköst verða metin í símati yfir veturinn. Ákveðin verkefni verða einnig metin. Nemendur taka kannanir og próf yfir veturinn. Kannanirnar byggja þá á þeim þáttum sem unnið hefur verið með.

Samfélagsfræði (landafræði og trúarbragðafræði)

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að við lok 7. bekkjar geti nemandi:

Samfélagsfræði

- Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.
- Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.
- Tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og sýnt ábyrgð í samskiptum.
- Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.
- Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.
- Lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga.
- Lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður.
- áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hefur áhrif á búsetu og lífsskilyrði.
- Lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi.
- Lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi, gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.
- Gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra.
- Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar, rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.
- Fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.
- Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf.
- Tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að veга og meta ólíka kosti.
- Tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð.

Stefnt er að því að við lok 7. bekkjar geti nemandi:

Trúarbragðafræði

- Kynnist helstu trúarbrögðum heimsins og þeim, lífsviðhorfum og þeirri menningu sem tengist þeim, m.a. í frásögnum af jafnöldrum.
- Þekki helstu hátíðir kristinnar og siði og tákni sem tengjast þeim.
- Temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra, t.d. með því að fást við efni um góðvild, miskunnsemi, sannsögli og hjálpsemi og vandamál tengd einelti og baktali.
- Fáir fyrstu kynni af islam í frásögnum af jafnöldrum.
- Fáir þjálfun í því að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, með því að fást við efni sem tengjast jafnrétti og jafnstöðu og að ýtt sé undir kjark þeirra til þess að fylgja eigin sannfæringu.
- Kynnist búddadómi og hindúasið í frásögnum af jafnöldrum.
- Þroski með sér tillitssemi og nærgætni í samskiptum við aðra.
- Læri að meta það sem vel er gert og öðlist hæfni til þess að hrósa og uppörva aðra.
- Kynnist gyðingdómi í frásögnum af jafnöldrum.

Námsefni:

Ísland hér búum við og Trúarbrögðin okkar (7.bekkur). Myndefni af vef mms.is.

Námsmat:

Verklag nemenda, frumkvæði, sjálfstæði og afköst verða metin í símati yfir veturinn. Ákveðin verkefni verða einnig metin. Nemendur taka kannanir og próf yfir veturinn. kannanirnar byggja þá á þeim þáttum sem unnið hefur verið með.

Tungumál

Allir nemendur á miðstigi fá kennslu í ensku en dönskukennsla er fyrir nemendur í 6. og 7. bekk.

Hæfniviðmið:

Stefnt er að því að við lok 7. bekkjar geti nemandi:

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.
- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta.
- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.
- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.
- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.
- Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.
- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.
- Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.

- Samið stuttan texta frá eigin brjosti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.
- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.
- Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglíngamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra,
- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.
- Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.
- Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.
- Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.
- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.
- Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

Námsefni:

Enska:

Ready for Action (5. bekkur), Action (6. og 7. bekkur), léttlestrarbækur, ýmis myndbönd og aukaefni frá kennara.

Danska:

Start, lesbók og vinnubók (6. bekkur), Smart, lesbók og vinnubók (7. bekkur), léttlestrarbækur, ýmis myndbönd og aukaefni frá kennara.

Námsmat:

Vinnuframlag er metið með virkni í tímum. Verkefnavinna og stöðupróf eru metin reglulega auk annarprófa við annarskil.

Lífsleikni

Heyrir undir samfélagsfræði

Námsmarkmið:

Markmið lífsleikni er að styrkja á skapandi hátt áræði, frumkvæði, hlutverk, ábyrgð og sjálfsmynd nemenda þegar þeir standa frammi fyrir stórum spurningum sem varða reynsluheim, hugarheim og félagsheim þeirra.

Að nemendur:

- efla félagsfærni sína

- öðlist aukinn skilning á sjálfum sér og þeim gildum sem þeim finnst mikilvæg.
- efli og styrki sjálfsmýnd sína.
- læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- þjálfist í að vera læsir á eigin tilfinningar og annarra
- geti bent á gildi jákvæðra viðhorfa, gilda fyrir sjálfan sig.
- geti gert sér grein fyrir hvar styrkur þeirra liggur.
- geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.
- geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf þeirra.
- geti sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.

Námsefni:

Óskaveröldin mín - bók útbúin og notast er við kennslubókina:

Ertu?

Og efni úr Uppeldi til ábyrgðar

Námsmat:

Verkefnavinna, skil á verkefnabókinni Óskaveröldin mín, þátttaka í tímum.

Skólaípróttir

Ípróttir og sund

Nemendur fara 2 kennslustundir á viku í ípróttir og eina kennslustund í sund. Í sundi á mánudögum og ípróttum á fimmtudögum og föstudögum er tvískiptur hópur eftir aldri, þ.e. 5. bekkur, 6. og 7. bekkur.

Námsmarkmið:

Að nemendur:

- Þjálfist í grunnhreyfingum, s.s. að hlaupa, hoppa, kasta og grípa.
- Taki þátt í leikjum og leikrænum æfingum.
- Þjálfist í ýmsum æfingum með áhöld, t.d. sippubönd, bolta o.fl.
- Efli í gegnum leiki og æfingar líkamshreysti og þrek.
- Efli skynfæri líkamans og samspil þeirra við hreyfingu.
- Öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar.
- Tileinki sér helstu samskiptareglur og virði leikreglur.

- Læri að sýna öðrum umburðalyndi og virðingu.
- Kynnist helstu íþróttagreinum sem stundaðar eru á Íslandi.
- Fá útrás fyrir hreyfipörf sína.

Námsefni/námsleiðir:

Kennsla fer fram í gegnum ýmsar æfingar og leiki, þar sem ýmist er unnið í einstaklings- og/eða hópæfingum. Notast er við sýnikennslu, hermileiki og endurtekningar þegar við á. Hausti og vor eru góðir dagar nýttir til útináms í umhverfi skólans, en yfir kaldasta tímann er kennt í íþróttasal Heiðaborgar.

Meðal viðfangsefna í íþróttatímum eru stöðvaþjálfun, leikir úti/inni, þol - og þrekæfingar, boltaæfingar/leikir, skotboltaleikir, styrktaræfingar, samvinnuleikir, ýmsar íþróttagreinar – grunnatriði reglna og spil.

Sundkennsla fer fram allan veturinn. Áhersla er á markvissa kennslu í grunnatriðum sundaðferða, þolþjálfun og leiki.

Námsmat:

Símat, leiðsagnarmat í desember/janúar og lokamat að vori sem tekur mið af virkni í tímum, færni, viðhorfi og hegðun. Gefið er í bókstöfum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Þekkingu á helstu tölvuforritum, upplýsingaöflun og sjálfstæð vinnubrögð. Upplýsingatækni fléttast auk þess inn í aðrar námsgreinar og nýta nemendur sér tölvur og spjaldtölvur bæði til öflunar og miðlunar upplýsinga.

Námsmarkmið:

Að nemandi

- Geti nýtt sér glærugerðarforrit
- Geti sett inn myndir, gröf og töflur í texta
- Geti vitnað í heimildir
- Geti skráð heimildalista
- Þekki helstu leitarmöguleika á netinu
- Geti notað tölvuorðabækur
- Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.
- Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.
- Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.

- Beitt réttri fingrasetningu.
- Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.
- Verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga.
- Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.
- Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða.
- Nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum.
- Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.
- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.
- Nýtt hugbúnað/forrit við vefsmíðar.
- Rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.
- Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.
- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu.
- Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.

Námsefni:

mms.is, efni af netinu og frá kennurum.

Námsmat:

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir veturinn og skráir kennari niður vinnusemi og verkefnaskil.

Myndmennt

Námsmarkmið:

- Tví- og þrívíð verkefni frá hugmynd að lokaverki.
- Vinna með eigin sköpun á skipulagðan hátt og með mismunandi efni, verkfæri og miðla.
- Kynnast nokkrum tegundum tækni sem námsgreinin býr yfir.
- **5.b.** teikna uppstillingar með kolum, speglun, þrykk, mótun.
- **6.b.** stærðir/hlutföll (andlitið), mótun og listasögu.
- **7.b.** grafík, mótun í leir og skoðum stefnur og strauma í myndlistinni – impressiúnismi, expressiúnismi og poplist.
- Sýna ábyrga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.

Námsefni:

Myndmennt 1 og 2 og veraldarvefurinn. Efni og áhöld í myndmenntastofunni. Verkefni unnin með hliðsjón af markmiðum aðalnámskrá grunnskóla.

Námsmat:

Símat í tímum. Áhugi, vandvirkni, frumkvæði, frágang og hegðun.

Hönnun og smíði

Námsmarkmið:

- Vinna verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form, útlit og nýtingu.
- Draga skissu með tvívíðri teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Læra á helstu verkfæri, vélar og tækni í smíðastofunni eins og að mæla, saga, pússa, negla, bora, skrúfa líma, mála og nota brennipenna.
- Áhersla á samsetningu.
- Kynnast helstu smíðaefnunum og læra góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Læra ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sína og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar.

Námsefni:

Bækur um hönnun og smíði og veraldarvefurinn.
Verkfæri og smíðaefni sem nemandinn notar í smíðastofunni.

Námsmat:

Símat í tímum: Vinnusemi, vandvirkni, sýna sjálfstæða hugsun og vinnubrögð. Sýna góða framkomu og umgengi.

Sérgreinar:

Sérkennari vinnur með nemendum sem glíma við námsörðugleika, tilfinningavanda og félagsfærni ásamt því að vera til staðar fyrir þá nemendur sem þess þurfa. Verkefni eru fjölbreytt og geta verið allt frá því að greina vanda í samráði við aðra fagaðila eins og þroskaþjálfara eða sálfræðing til þess að þróa einstaklingsnámskrá í samvinnu við aðra kennara sem tekur mið af styrk- og veikleikum nemandans. Einnig kennir hann bæði einstaklingslega og í hópum þar sem nemendum er hjálpað að ná markmiðum sínum á eigin hraða.

Sérkennari reynir að tryggja það að nemendur með sérþarfir fái aðgang að menntun sem er við þeirra hæfi og stuðla að jafnrétti í menntakerfinu.